

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/89/EB

frá 10. nóvember 2003

um breytingu á tilskipun 2000/13/EB að því er varðar tilgreiningu innihaldsefna í matvælum

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að ná fram öflugri heilsuvernd fyrir neytendur og til að ábyrgjast rétt þeirra til upplýsinga verður að tryggja að neytendur fái viðeigandi upplýsingar um matvæli, m.a. með tilgreiningu allra innihaldsefna á merkimiðum.
- 2) Samkvæmt 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽⁴⁾, er óþarfi að telja upp tiltekin efni í innihaldslýsingu.
- 3) Tiltekin innihaldsefni, eða önnur efni, sem eru notuð við framleiðslu matvæla og finnast enn í vörinni, orsaka ofnæmi eða óþol hjá neytendum og geta sumar tegundir ofnæmis og óþols stefnt heilsu hlutaðeigandi í hættu.
- 4) Vísindanefndin um matvæli, sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/579/EB ⁽⁵⁾, hefur lýst því yfir að tilvik fæðuofnæmis séu svo mörg að það hafi áhrif á líf fjölda fólks og valdi ástandi sem getur verið allt frá því að vera mjög vægt til þess að vera jafnvel banvænt.

5) Umrædd nefnd hefur viðurkennt að algengir fæðuofnæmisvaldar séu m.a. kúamjólk, ávextir, belgjurtir (sérstaklega jarðhnetur og sojabauur), egg, krabbadýr, trjáhnetur, fiskur, grænmeti (selleri og aðrar fæðutegundir af sveipjurtaett), hveiti og annað korn.

6) Algengustu fæðuofnæmisvaldarnir finnast í margvíslegum unnum matvælum.

7) Umrædd nefnd hefur einnig veitt því athygli að aukefni í matvælum geta valdið skaðlegum áhrifum og að oft sé erfitt að forðast þau vegna þess að þau séu ekki alltaf öll tilgreind á merkimiðum.

8) Nauðsynlegt er að kveða á um að aukefni, tæknileg hjálparefni við framleiðslu og önnur efni, sem geta haft ofnæmisvaldandi áhrif og falla undir a-lið 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB, heyrir undir reglur um merkingar til að neytendur, sem þjást af fæðuofnæmi, fái viðeigandi upplýsingar.

9) Jafnvel þótt ekki beri að líta á merkingar, sem ætlaðar eru neytendum almennt, sem eina upplýsingamiðillinn, er komi í stað læknastofnana, er engu að síður ráðlegt að aðstoða neytendur, sem þjást af ofnæmi eða óþoli, eins og kostur er, með því að veita þeim ítarlegri upplýsingar um samsetningu matvæla.

10) Skráin yfir ofnæmisvaldandi efni skal innihalda þau matvæli, innihaldsefni og önnur efni sem viðurkennt er að valda ofurnæmi.

11) Til að veita öllum neytendum betri upplýsingar og vernda heilsu tiltekinna neytenda skal gera skylt að tilgreina í innihaldslýsingu öll innihaldsefni og önnur efni sem eru í matvælunum. Þegar um áfenga drykki er að ræða skal vera lögboðið að tilgreina á merkimiðanum öll innihaldsefni með ofnæmisvaldandi áhrif sem eru í viðkomandi drykk.

12) Til að taka tillit til tæknilegra takmarkana við framleiðslu matvæla er nauðsynlegt að heimila aukinn sveigjanleika að því er varðar upptalningu innihaldsefna og annarra efna sem eru notuð í afar litlu magni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 332 E, 27.11.2001, bls. 257 og Stjtið. EB C 331 E, 31.12.2002, bls. 188.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 80, 3.4.2002, bls. 35.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 11. júní 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. febrúar 2003 (Stjtið. EB C 102 E, 29.4.2003, bls. 16) and Position of the European Parliament of 2. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 22. september 2003.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/101/EB (Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 19).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 237, 28.8.1997, bls. 18. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2000/443/EB (Stjtið. EB L 179, 18.7.2000, bls. 13).

- 13) Til að halda í við þróun á sviði vísindalegrar þekkingar og framfarir að því er varðar tæknileg úrræði til að fjarlægja ofnæmisvirkni úr innihaldsefnum og öðrum efnum og til að vernda neytendur gegn nýjum fæðu- ofnæmisvöldum og forðast ónaúðsynlegar kvaðir um merkingar er mikilvægt að endurskoða megi á skömmum tíma innihaldslýsinguna með því að bæta við eða fella brott tiltekin innihaldsefni eða efni þegar nauðsyn krefur. Endurskoðunin skal byggð á vísindalegum viðmiðunum sem eru ákvarðaðar af Matvælaöryggisstofnun Evrópu sem komið er á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002⁽¹⁾ og felast í framkvæmdarráðstöfunum sem eru tæknilegs eðlis og skal framkvæmdastjórninni falið að samþykkja þær til að einfalda og hraða málsmeðferðinni. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, semja tæknilegar viðmiðunarreglur um túlkun III. viðauka a.
- 14) Því ber að breyta tilskipun 2000/13/EB til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2000/13/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Innihaldslýsingin skal vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar og I., II. og III. viðauka, og III. viðauka a.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Með fyrirvara um reglur um merkingar, sem komið skal á skv. 3. mgr., skal sérhvert innihaldsefni, eins og það er skilgreint í a-lið 4. mgr. og skráð í III. viðauka a, tilgreint á merkimiða ef það að finna í drykkjum sem um getur í 3. mgr. Í þessum upplýsingum skal koma fram orðið „inniheldur“ og þar á eftir nafn innihaldsefnisins eða -efnanna sem um ræðir. Upplýsinga er þó ekki þörf ef innihaldsefnið er þegar skráð undir sérheiti í skránni yfir innihaldsefni eða í vöruheiti drykkjarins.“

Ef nauðsyn krefur má samþykkja nákvæmar reglur um framsetningu upplýsinganna, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:

a) að því er varðar vörurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/99 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (*), í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 75. gr. þeirrar reglugerðar,

b) að því er varðar vörurnar sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum^(**), í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. þeirrar reglugerðar,

c) að því er varðar vörurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum^(***), í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 14. gr. þeirrar reglugerðar,

d) að því er varðar aðrar vörur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr. þessarar tilskipunar.

(*) Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1795/2003 (Stjtið. EB L 262, 14.10.2003, bls. 13).

(**) Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 (Stjtið. EB L 277, 30.10.1996, bls. 1).

(***) Stjtið. EB L 160, 12.6.1989, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 3378/94 (Stjtið. EB L 366, 31.12.1994, bls. 1).“

c) Eftirfarandi liður bætist við c-lið 4. mgr.:

„iv) efni sem eru ekki aukefni en eru notuð á sama hátt og í sama tilgangi og tæknileg hjálparefni við framleiðslu og enn finnast í tilbúinni vöru, jafnvel þótt í breyttri mynd sé.“

d) Annarri undirgrein 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i) eftirfarandi komi í stað fjórða undirliðar:

„—er heimilt, hvað varðar blöndur ávaxta, grænmetis eða ætisveppa þar sem ekki er umtalsvert meira af einu umfram annað miðað við þyngd og hlutfall getur verið breytilegt, sem eru notaðar sem innihaldsefni í matvælum, að flokka þær saman í innihaldslýsingu undir heitinu „ávextir“, „grænmeti“, eða „ætisveppir“ ef strax á eftir fylgir setningin „í breytilegu hlutfalli“ og því næst eru taldir upp ávextirnir, grænmetið eða ætisveppirnir sem í blöndunni eru; í slíkum tilvikum skal blandan tilgreind í innihaldslýsingunni í samræmi við fyrstu undirgrein á grundvelli heildarþyngdar ávaxtanna, grænmetisins eða ætisveppanna sem í henni eru,“

ii) eftirfarandi undirliðir bætist við:

„—er heimilt að tilgreina innihaldsefni, sem eru minna en 2% af fullunnu vörunni, í annarri röð á eftir hinum innihaldsefnum,“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) No 1642/2003 (Stjtið. EB L 245, 29.9.2003, bls. 4).

— er heimilt, þegar líklegt er að innihaldsefni, sem eru svipuð eða geta komið hvert í annars stað, verði notuð við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla án þess að samsetningu þeirra, eðli eða skynjuðu gildi sé breytt, og að svo miklu leyti sem þau eru minna en 2% af fullunnu vörunni, að vísa til þeirra í innihaldslýsingu með setningunni „inniheldur ... og/eða ...“ þar sem a.m.k. annað tveggja innihaldsefna er til staðar í fullunnu vörunni. Þetta ákvæði á ekki við aukefni eða innihaldsefni sem skráð eru í III. viðauka a.“

e) Í stað annarrar undirgreinar 8. mgr. komi eftirfarandi:

„Innihaldslýsingin, sem um getur í fyrstu undirgrein, er þó ekki lögboðin:

a) þegar samsetning samsetta innihaldsefnisins er skilgreind í gildandi löggjöf Bandalagsins og að svo miklu leyti sem samsetta innihaldsefnið er minna en 2% af fullunnu vörunni, þetta ákvæði gildir þó ekki um aukefni, með fyrirvara um ákvæði c-liðar 4. mgr.,

b) þegar um er að ræða samsett innihaldsefni sem samanstanda af blöndu krydds og/eða kryddjurtar sem eru minna en 2% af fullunnu vörunni, að aukefnum undanskildum, með fyrirvara um ákvæði c-liðar 4. mgr.,

c) þegar samsetta innihaldsefnið er fæðutegund sem innihaldslýsingar er ekki krafist fyrir, samkvæmt löggjöf Bandalagsins.“

f) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„10. Þrátt fyrir 2. mgr., aðra undirgrein 6. mgr. og aðra undirgrein 8. mgr. skal sérhvert innihaldsefni, sem notað er við framleiðslu matvæla og finnst enn í fullunnu vörunni, jafnvel þótt í breyttu formi sé, og er skráð í III. viðauka a eða er upprunalega úr innihaldsefni sem skráð er í III. viðauka a, tilgreint á merkimiða með skýrri tilvísun í nafn innihaldsefnisins.

Upplýsinganna, sem getið er um í fyrstu undirgrein, er ekki krafist ef vöruheiti matvælaanna vísar skýrt til innihaldsefnanna sem um ræðir.

Þrátt fyrir ii-, iii- og iv-lið c-liðar 4. mgr. skal sérhvert efni, sem notað er við framleiðslu matvæla og finnst enn í fullunnu vörunni, jafnvel þótt í breyttu formi sé, og er upprunalega úr innihaldsefni sem er skráð í III. viðauka a, teljast innihaldsefni og tilgreint á merkimiða með skýrri tilvísun í nafn innihaldsefnisins sem það er upprunalega úr.

11. Skráin í III. viðauka a skal endurskoðuð kerfisbundið og uppfærð þegar nauðsyn krefur á grundvelli nýjustu vísindabekkingar. Fyrsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en 25. nóvember 2005.

Uppfærsla gæti einnig falist í því að felld væru brott úr III. viðauka a innihaldsefni sem sýnt hefur verið fram á, með vísindalegum hætti, að geti ekki valdið skaðlegum áhrifum. Í þessu skyni má tilkynna framkvæmdastjórninni, fram til 25. ágúst 2004, um yfirstandandi rannsóknir á því hvort innihaldsefni eða efni, unnin úr innihaldsefnum sem eru skráð í III. viðauka a, séu ekki líkleg til að valda skaðlegum áhrifum við sérstakar aðstæður. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu og eigi síðar en 25. nóvember 2004, gera skrá yfir þessi innihaldsefni eða efni sem skulu af þeim sökum tekin út úr III. viðauka a þar til lokaniðurstöður liggja fyrir úr tilkynntu rannsóknunum eða í síðasta lagi til 25. nóvember 2007.

Með fyrirvara um aðra undirgrein er heimilt að breyta III. viðauka a í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 20 gr. eftir að álit fæst frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu, sem gefið er út á grundvelli 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla(*).

Ef þörf krefur má gefa út tæknilegar viðmiðunarreglur um túlkun skrárinnar í III. viðauka a í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 20. gr.

(*) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1642/2003 (Stjtið. EB L 245, 29.9.2003, bls. 4).“

2. Í annarri undirgrein 19. gr. komi „fastanefndinni um matvælaferli og heilbrigði dýra sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002“ í stað „fastanefndinni um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 69/414/EBE (‘)“.

3. Neðanmálsgreinin „Stjtið. EB L 291, 29.11.1969, bls. 9“ falli niður.

4. Í 1. mgr. 20 gr. komi „fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra“ í stað „fastanefndar um matvæli“.

5. Í I. viðauka falli brott heitin „sykurhúðaðir ávextir“ og „grænmeti“ og skilgreiningar þeirra.

6. Texti III. viðauka a, sem kemur fram í viðaukanum við þessa tilskipun, bætist við.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 25. nóvember 2004 til að:

— heimila sölu vara, sem samrýmast ákvæðum þessarar tilskipunar, frá og með 25. nóvember 2004,

— banna sölu vara, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, frá og með 25. nóvember 2005; þó er heimilt að selja vörur, sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma, þótt samrýmist þessari tilskipun, þar til birgðir eru uppnar.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MARZANO

forseti.

VIDAUKI

„III. VIDAUKI a

Innihaldsefni sem um getur í 3. mgr. a, 10. og 11. mgr. 6. gr.

Korn sem inniheldur glúten (þ.e. hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt, taumhveiti (kamut) eða blendingar þeirra) og afurðir úr því

Krabbadýr og afurðir úr þeim

Egg og afurðir úr þeim

Fiskur og fiskafurðir

Jarðhnetur og afurðir úr þeim

Sojabaunir og afurðir úr þeim

Mjólk og mjólkurafurðir (þ.m.t. laktósi)

Hnetur, þ.e. möndlur (*Amygdalus communis L.*), heslihnetur (*Corylus avellana*), valhnetur (*Juglans regia*), kasúhnetur (*Anacardium occidentale*), pekanhnetur (*Carya illinoensis (Wangenh.) K. Koch*), parahnetur (*Bertholletia excelsa*), pistasíuhnetur (*Pistacia vera*), goðahnetur og queensland-hnetur (*Macadamia ternifolia*) og afurðir þeirra

Sellerí og afurðir úr því

Sinnep og afurðir úr því

Sesamfræ og afurðir úr þeim

Brennisteinsdíoxíð og súlfit í styrk sem er yfir 10 mg/kg eða 10mg/lítra gefið upp sem SO₂.“